



Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Endurnýjun þjónustusamnings um rekstur Fjölsmiðjunnar árin 2020 – 2022

Vísað er til erindis Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), dags. 2. desember 2019, um endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna. Í erindi SSH kemur fram að þann sama dag hafi legið fyrir stjórn tillaga að nýjum þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna til þriggja ára. Stjórn SSH samþykkti að senda fyrirbyggjandi tillögur að nýjum samningi til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Fram kemur að þjónustustyrkur ársins 2020 yrði 11.000.000 kr. m.v. verðlag 1. janúar 2020. Var samningur ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra SSH sendur til sveitarfélaganna til efnislegrar afgreiðslu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið leitaði til Velferðarsviðs til að fá nánari upplýsingar um málið og forsendur þess samnings sem hefur verið í gildi. Það er mat velferðarsviðs að efnislega sé samningurinn að mestu óbreyttur en dregur fram helstu breytingar sem gerðar eru frá fyrri samningi. Þær eru:

- Í 5. gr., lið 5.2., er kveðið á um að þjónustustyrkur að fjárhæð 11 mkr. sé nú miðaður við verðlag 1. janúar 2020 og breytist árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Verður þjónustustyrkurinn greiddur árlega þann 1. janúar.
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skipta með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. des. árið á undan.
- Í 11. gr. samningsins er kveðið á um að stjórnir aðila samningsins hafi nú heimild til að framlengja samninginn um tvö ár umfram gildistíma hans sem er til þriggja ára.
- Í 4. gr., lið 1, kemur fram að þjálfunarstyrkir til nemenda séu greiddir samkvæmt hlutfalli af launataxta Eflingar stéttarfélags við Samband íslenskra sveitafélaga í samræmi við fyrirfram ákveðið greiðsluhlutfall sem nánar er kveðið á um í samningi.
- Í 6. gr. er lögð til sú breyting að svonefnt notendaráð falli brott en þess í stað verði fundað með fulltrúum sveitarfélaga a.m.k. tvisvar á hverju starfsári, til að tryggja skilvirkan framgang samningsins.

Velferðarsvið hefur verið aðili að samningi við Fjölsmiðjuna frá upphafi starfseminnar. Aðeins hefur dregið úr tilvísunum en sveiflur á milli ára eru þekktar sbr. neðangreinda töflu.

Tafla 1: Fjöldi tilvísana frá Reykjavíkurborg árin 2012 – 2019.

Kyn	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Karl	46	49	44	41	31	37	34	41
Kona	23	16	14	20	21	13	9	15
Samtals	69	65	58	61	52	50	43	56

Reglulegt samstarf er á milli velferðarsviðs og Fjölsmiðjunnar, bæði um málefni einstaklinga og almennt um framkvæmd þjónustunnar. Samstarfið hefur verið farsælt og er það von sviðsins að starfsemi Fjölsmiðjunnar þróist áfram og að fjölbreyttur hópur fái notið þjónustunnar. Mælir velferðarsvið með því að gengið verði til samnings við Fjölsmiðjuna til þriggja ára í samræmi við þær tillögur sem liggja fyrir.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt samningsdrögin að hinum endurnýjaða samningi með tilliti til þjónustunnar og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á samningnum og gerir ekki athugasemdir við hann. Efnislega er samningurinn samhljóða fyrri samningi en helstu breytingar snúa að því að einfalda ferla og samskipti milli Fjölsmiðjunnar og velferðarsviðs til þess að framgangur þjónustunnar verði skilvirkari. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki sem af samningnum hlýst vegna verðbóta rúmist innan ramma velferðarsviðs.

*Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*